

Fundur ÆSKP 31. Janúar 2014 í Neskirkju við Hagatorg.

Fundinn sóttu Guðrún Karls Helgudadóttir formaður, Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri, Sigurvin Lárus Jónsson ritari, Þóra Björk Sigurðardóttir meðstjórnandi og Þórunn Harðardóttir varamaður. Framkvæmdastíóri, Eva Björk Valdimarsdóttir.

Formaður hóf fundinn með orði og bæn.

1. Rætt var um dagsetningu aðalfundar.

Ákveðið var að aðalfundur ÆSKP verði föstudaginn 14. mars kl. 17.00.

Fullrúar félaga sem þurfa að ferðast á fundinn um langan veg geta sótt um styrk að hámarki 10.000,- á fulltrúa. Tveir fulltrúar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

2. Lagabreytingartillögur lagðar fram til umræðna á stjórnarfundum.

Guðmundur Karl leggur til breytingar á 4.gr.; 5. gr. og 7. gr. laga:

Í núverandi mynd eru lög:

4. gr. Aðalfundur er æðsta vald í málefnum ÆSKP. Aðalfundur ÆSKP skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara og skal hann auglýstur í fjölmiðlum, á vef ÆSKP og með boðsbréfi. Sé aðalfundur ólöglegur skal boða til framhaldsaðalfundar eins fljótt og auðið er.

5. gr. Dagskrá aðalfundar, endurskoðaðir reikningar, rekstraráætlun, lagabreytingartillögur, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend til aðildarfélaga tíu dögum fyrir aðalfund og vera aðgengileg hjá stjórnnum aðildarfélaga viku fyrir aðalfund. Önnur mál og tillögur, sem aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Skýrslur aðildarfélaga skulu liggja frammi á aðalfundi.

7. gr. Kosning til framkvæmdastjórnar fer fram með leynilegri atkvæðagreiðslu. Kosið er sérstaklega í embætti formanns, ritara og gjaldkera í framkvæmdastjórn auk tveggja meðstjórnenda sem fá sameiginlega kosningu. Varastjórn fær sameiginlega kosningu. Kjörtímabilið er tvö ár (kosið annað hvert ár). Annað árið er ritari og meðstjórnendur kosnir. Hitt árið eru formaður og gjaldkeri kosnir. Varastjórn fær sameiginlega kosningu til eins árs. Þess skal gætt að aldurs-, kynja- og búsetuhlutfall sé sem sanngjarnast. Enginn má sitja meira en þrjú kjörtímabil í röð í framkvæmdastjórn.

Tillaga er gerð að orðalag hljómi:

4. gr. Aðalfundur er æðsta vald í málefnum ÆSKP. Aðalfundur ÆSKP skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara og skal hann auglýstur með tryggilegum hætti. Sé aðalfundur ólöglegur skal boða til framhaldsaðalfundar eins fljótt og auðið er.

5. gr. Dagskrá aðalfundar, endurskoðaðir reikningar, rekstraráætlun, lagabreytingartillögur, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend [eða send rafrænt](#) til aðildarféлага tíu dögum fyrir aðalfund og vera aðgengileg hjá stjórnnum aðildarféлага viku fyrir aðalfund. Önnur mál og tillögur, sem aðildarfélag óska að tekin verði fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund. [Skýrslur aðildarféлага skulu liggja frammi á aðalfundi.](#)

7. gr. Kosning til framkvæmdastjórnar fer fram með leynilegri atkvæðagreiðslu. Kosið er sérstaklega í embætti formanns, ritara og gjaldkera í framkvæmdastjórn auk tveggja meðstjórnenda sem fá sameiginlega kosningu. [Fimma manna](#) varastjórn fær sameiginlega kosningu. Kjörtímabilið er tvö ár (kosið annað hvert ár). Annað árið er ritari og meðstjórnendur kosnir. Hitt árið eru formaður og gjaldkeri kosnir. Varastjórn fær sameiginlega kosningu til eins árs. Þess skal gætt að aldurs-, kynja- og búsetuhlutfall sé sem sanngjarnast. Enginn má sitja meira en þrjú kjörtímabil í röð í framkvæmdastjórn.

3. Kirkjuþing Unga Fólksins.

Huga þarf að ráðningu umsjónarmanns KUF. Sunna Dóra hefur séð um þetta verkefni undanfarin tvö ár. Gerðar voru tillögur um ráðningu, formaður og framkvæmdastjóri ganga frá því á næstu dögum.

4. Easter Course.

Rakel Brynjólfssdóttir sótti undirbúningshelgi í Birmingham 17.-19. janúar sl. ÆSKP greiddi fyrir hana flug. Búið er að auglýsa eftir þátttakendum fyrir EC helgina og verður unnið úr þeim þegar umsóknarfrestur er liðinn.

5. Framkvæmdarstjóri sendi út könnum um Verndum þau námskeið. Þátttaka var ekki mikil en gefur vísbendingu um þörfina. Litið er til þess að halda námskeið á Suðurlandi.

Næsti fundur ákveðinn 21. febrúar kl. 13.30 í Laugarneskirkju.

Fundi slitið 16.07.